

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Vegamótastíg til norðurs frá Skólavörðustíg að Grettisgötu.
2. Einstefnuakstur verður á Otrateig í suðurátt frá Laugarnesvegi að Sundlaugavegi.
3. Gjald verður tekið fyrir bifreiðastöður á bifreiðastæði að Austurstræti 1, fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. júní 1971.*

**Sigurjón Sigurðsson.****AUGLÝSING****um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Vatnsstíg, Frakkastíg, Vitastíg, Barónsstíg, Ránargötu, Bárugötu og á 5 reitum á bifreiðastæði við Garðastræti, verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 1971.*

**Sigurjón Sigurðsson.**